

**Nd.**

**32. Tillaga**

til þingsályktunar um úthlutun matvöru- og sykursæðla og um vöruflutninga.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson, Jón Jónsson, Gísli Sveinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að haga kornvöru- og sykurskömtun svo, að í sveitum, þar sem erfir aðdrættir eru, eins og t. d. í Skaffafellssýslu víða og Fljótsdalshjerði, verði gefnir út sæðlar til alt að 9 mánaða í júnimánuði næstkomandi.
2. Að láta þau hjeruð, þar sem eru slæmar hafnir eða erfir fjallvegir, sitja fyrir vörum til vetrarforða og flutningum á þeim að sumrinu.

### Greinargerð.

Samkvæmt reglugerð um sölu og úthlutun kornvöru, sykurs o. fl., dags. 23. jan. þ. á., var matvöru- og sykursæðlum útbýtt síðasta febrúar til 4 mánaða; á því sá forði að endast til júniloka. En svo er til ætlast, að önnur almenn úthlutun fari fram síðustu dagana í júní, er veiti rjett til 4 mánaða forða á ný. Sá forði nær að eins til októberloka, og menn þá knúðir til að afla sjer forða af nýju í október. — Nú eru þeir vanir, er langt eiga í kaupstað, að flytja mestallar vörur til ársins snemma í júlí, eða þegar þolanlegur hestahagi er kominn; sæta þeir lagi að hafa sem mest lökið flutningum áður sláttur byrjar. En ef ekkert er liðkað til frá reglugerðinni, verða menn að fara lestaferðir á 4 mánaða fresfi, og er það neyðarkostur fyrir þá, er sækja verða yfir stórvötn og aðrar vegleysur í haustrigningum og hretum, eða yfir illfærar heiðar að vetrarlagi. Er því hin mesta nauðsyn að fá 4 mánaða úthlutuninni breytt eins og farið er fram á, þar sem brún þörf er.

Síðari liður tillögunnar er ljós og mælir með sjer sjálfur. Það sjá allir, að nauðsynlegt er, að fluttur sje til brimahafna og hjeraða, er hafa yfir vond fjöll að sækja, svo mikill forði að sumrinu, að nægi til vetrarins.